

Samráð við börn um breytingu deiliskipulagstillögu Lundar

Vinnustofa með nemendaráðum Snælandsskóla




Vinnustofa með nemendaráði, Heilsuteymi, Grænfána og umhverfisráði og Réttindaráði fór fram 13. apríl í Snælandsskóla. Markmið vinnustofunnar var að eiga samtalið við fulltrúa nemenda í skólanum. Tillaga að breytingu deiliskipulags var kynnt ásamt stuttri fræðslukynningu um réttindi barna og skipulagsmál. Í kjölfarið unnu nemendur verkefni um leiksvæði í Digra-nesi. Verkefnin voru unnin í hópum og í lok vinnustofu kynntu hóparnir hugmyndir sínar.

Verkefni 1	Efnispættir úr hópavinnu
Hver er ykkar skoðun á breytingunni á leiksvæði Lundar?	• Okkur líst mjög vel á breytingarnar • Okkur er alveg sama um breytingarnar • Það er geggjað að fá vatnsbrunn og trampólín • Þessi breyting er góð vegna þess að okkur finnst vera nóg af fótboltavöllum á svæðinu og vantar fleiri leiktæki. • Okkur líst mjög vel á hugmyndirnar og við höldum að þetta muni slá í gegn meðal íbúa.
Verkefni 2	
Hvað finnst ykkur um tillöguna að leiksvæðinu? Finnst ykkur eitthvað vanta eða ætti eitthvað að vera öðruvísi?	• Þetta er mjög góð tillaga en okkur finnst það ætti að vera staða þar sem maður getur fengið púttar græjur að láni. • Okkur finnst þurfa að passa að það fylgi með golfbúnaður á púttvöllum. • Það er lítið af blakvöllum. • Líst vel á púttvöllinn en það þarf að gera það léttara að ná í dót fyrir það í staðin fyrir að keyra í 20 mín í íþróttabúð. • Betra og lengra trampólín • Parkour vellir • Hafa stað með krók þar sem hægt er að koma með sitt eigið hengirúm • Bæta við hengirólum á dvalarsvæði, annars er þetta bara fínt.
Verkefni 3	
Hvað finnst ykkur um stóra leiksvæðið í Fossvogsdal?	• Skólahreystibraut nálægt skólanum. • Okkur finnst þessi leikvöllur ekki þurfa viðbót. • Okkur finnst að það mætti bæta við körfurólu og minni körfuboltavelli fyrir yngri börn. • Trampólín, klifurvöll, hjólabraut, línuskautavöll
Forgangsroðun	
Hvað er minnst áriðandi?	• Láta löggur fara í Svartaskóg um kvöldin • Internet kassi í ljósastaura fyrir frítt net



	• Fleiri ruslatunnur • Innstungur fyrir hleðslutæki á bekkjum • Vatnshani • Hjólavöllur • Körfuróla, hröð rennibraut, kastali • Klifurveggur • Fleiri smábarnarólur
Hvað er mikilvægast?	• Skólahreystibraut nálægt skólanum. • Sleðasvæði er mjög góð og frumleg hugmynd vegna þess að börnum og jafnvel unglingum finnst gaman að fara á sleða á veturna. • Blakvöllur, Fimleikavöllur • Skólahreystistvöllur • Trampólín og öðruvísi leiksvæði, ekki týpísku kaðlar. • Hjólabrautir • Fleiri rólur í hring eins og í Fossvogsskóla (5 rólur í hring)
Hvað er mest áriðandi?	• Að hafa almennilegan körfuboltavöll á svæðinu • Að hafa þúttvöll sem er ekki léttur. (hefur hluti sem eru fyrir t.d. millu.) • Að hafa einhverja geymslu fyrir þútt kylfu og bolta • Hengirúm/svæði fyrir unglinga að chilla • Staður til að hanga og bara spjalla t.d hengirúm þar sem hægt er að chilla eða lesa. • Skólahreystibraut • Stækka hjólastíga • Körfuboltavöll, þúttvöll • Tréhús







Úrvinnsla og áframhaldandi skipulagsvinna

Tæplega 20 börn á á aldrinum 9 til 16 ára tóku þátt í fundi með starfsfólki skipulagsdeildar Kópavogs um skipulag leiksvæðis við Lund í Kópavogi.

Sérstaklega var kallað eftir hugmyndum barnanna að leiktækjum á svæðinu. Kópavogsbær er Barnvænt sveitarfélag og einar af grunnstoðum Barnasáttmálans er að kalla eftir hugmyndum barna og virða skoðanir þeirra, samanber 12. og 13. grein Barnasáttmálans.

Mikið af hugmyndum komu fram og voru hugmyndirnar sem börnin töldu mikilvægastar og mest áríðandi skoðaðar sérstaklega. Aðrar hugmyndir verða settar í hugmyndabankann og geta komið að góðum notum síðar við skipulag annarra svæða.

Nemendur voru almennt jákvæðir yfir breytingunni þar sem fallið er frá körfubolta- og battavöllum og komið fyrir dvalarsvæði með leikvelli, þrekkækjum og púttvelli í Lundi. Samhljómur var meðal nemenda um að almenningur þyrfti að hafa aðgang að búnaði fyrir púttvöll. Þrír hópar óskuðu eftir útihreystibraut og aðrir eftir fimleikjatakjum. Einnig fannst nokkrum vanta staði til að hanga á og nefndu til sögunnar hengirúm eða króka fyrir sitt eigið hengirúm á dvalarsvæði.